

Fréttabréf ÞFÍ – 21. febrúar 2010 bls. 3

Snorri West

Hér koma tvær sögur frá stúlkum sem tóku þátt sumarið 2009.



Þetta var frábært tímabil í lífi mínu! Ég á einstakar minningar frá Kanada sem ég mun alltaf búa að. Ég var það heppin að fá æðislega kanadíska foreldra og ég hitti börnin þeirra og barnabörn. Við náðum öll ótrúlega vel saman og þau eru að koma hingað í sumar að heimsækja mig og fjölskyldu mína! Við erum búinn að halda góðu sambandi og munum örugglega gera áfram. Við í Snorra West hópnum hittumst áfram og þar á maður áfram vini, af því að þessi reynsla er einstök og það veit enginn fyrir utan hópinn hvað þú upplifðir úti. Þannig að á heildina litið, þá borgar þetta prógramm sig margfalt; þú átt eftir að eignast vini úti í Kanada og vini í hópnum sem munu endast lífstíð! ☺

Steinunn Ylfa Harðardóttir



Jafnvel í óvenju köldum júlímánuði í Manitoba var of hlýtt til að ég gæti ímyndað mér hvernig fyrstu íslensku landnemunum hafi litist á strönd Winnipegvatns þegar þeir komu þangað að vetrarlagi 134 árum fyrr. En þegar indæla konan, sem bauðst til að skutla mér heim til gestafjölskyldunnar eftir að hafa spjallað við fólk á íslensku í „kaffitíma“ á *Amma's Tearoom* í Gimli, sagði mér að afi hennar hafi verið fyrsta barnið sem fæddist meðal íslensku landnemanna varð sagan raunveruleg. Íslendingar Nýja-Íslands eru stoltir af arfleifð sinni, og mega vera það. Forfeður þeirra unnu afrek með því einu að ná að lifa af. Að ná að varðveita og viðhalda sinni eigin menningu í svona langan tíma er stórvirki.

Að fá að upplifa þessa menningu af eigin raun, kynnast fólkinu, hlýju þess, hjálpssemi og ótrúlegri gestrisni voru ógleymanleg forréttindi. Takk fyrir mig!


Lára Guðlaug Jónasdóttir

Umsóknarfrestur fyrir Snorra West verkefnið rennur út þann 18. mars

n.k. Áhugasamir hafi samband við Wöndu Anderson tander@mts.net eða Alexíu Björgu alexia@snorri.is

www.snorriwest.ca

Freyjuginning



Freyjuginning er ný skáldsaga sem Bókafélagið Ugla gefur út. Höfundurinn, Christina Sunley, er af íslenskum ættum og býr á vesturströnd Bandaríkjanna. Bókin fjallar um Freyju, sem elst upp í dæmigerðu bandarísku úthverfi en á sumrin heimsækir hún ættingja sína í Gimli í Kanada. Þetta er áleitinn og spennandi saga sem hlotið hefur afar góðar viðtökur vestra. Heiti bókarinnar á frummálinu er “Tricking of Freyja” og kom út vestanhafs sl. ár og hlaut mjög góðar viðtökur.

Höfundurinn kemur í heimsókn til Íslands í byrjun lok maímánuðar n.k. og mun flytja erindi víða um landið. Fylgist með tilkynningu á heimasíðu félagsins www.inl.is



**LÖGBERG
HEIMSKRINGLA**
The Icelandic Community Newspaper

IN ENGLISH! SUBSCRIBE TODAY!
One year subscription: \$60 CDN or online only: \$35 CDN

100-283 Portage Ave. | Winnipeg, MB Canada R3B 2B5
Tel (204) 284-5686 | www.lh-inc.ca | lh@lh-inc.ca